

**3358. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
8. nóvember 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 1810140 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019-2022

Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 2019-2022 lögð fram til ákvörðunartöku sem hluti af fjárhagsáætlun vegna sama tímabils.

Bæjarráð samþykkir fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020 til 2022 og vísar til bæjarstjórnar til ákvörðunar.

2. 1806199 - Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2020-2022

Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2020-2022 lögð fram til samþykktar í bæjarráði.

Þorgeir Hafsteinn Jónsson fjármálastjóri, Jóhann Þórðarson endurskoðandi og Andrés Ólafsson verkefnastjóri sitja fundinn undir þessum lið.

Hlé gert á fundinum kl. 10:10 vegna fundar formanns bæjarráðs og bæjarstjóra með félags- og jafnréttisráðherra.

Fundi framhaldið kl. 16:00.

Bæjarráð samþykkir fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020 til 2022 ásamt tillögum og vísar til bæjarstjórnar til samþykktar.

3. 1805135 - Höfði - viðauki 2018

Viðauki 2 við fjárhagsáætlun Höfða fyrir árið 2018 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Viðaukinn lagður fram til kynningar og vísað til formlegrar afgreiðslu með gerð viðauka við fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar nr. 5 vegna ársins 2018.

4. 1805127 - Endurskoðun á bæjarmálasamþykkt

Endurskoðun á bæjarmálasamþykkt Akraneskaupstaðar - framlagning vegna síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness.

Bæjarráð samþykkir breytingar á bæjarmálasamþykkt Akraneskaupstaðar og vísar málinu til síðari umræðu í bæjarstjórn.

5. 1811068 - Kauptilboð / Faxabraut 10

Kauptilboð í Faxabraut 10.

Bæjarráð hafnar tilboðinu og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

6. 1811055 - Jöfnunarsjóður - ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga í samráðsgátt til umsagnar

Drög að endurskoðaðri reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna umsögn vegna reglugerðarinnar, en hún felur í sér breytingar á forsendum útgjaldajöfnunarframlaga.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:55.

Elsa hára Arnardóttir

Valgardur L. Þorsteinsson

Rakel Óskarsdóttir

Frjálför Friðriksson

Steinar Helguson